Breytingar á lögum nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.

Hvað eru aflandskrónur?

Lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum tóku gildi í maí 2016. Lögin voru mikilvægur liður í áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta. Í þeim var mælt fyrir um sérstaka meðferð tiltekinna krónueigna, svonefndra *aflandskrónueigna*, sem talið var nauðsynlegt að sættu áfram takmörkunum, sem fólust í fjármagnshöftunum, svo mögulegt yrði að stíga næstu skref í losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki á Íslandi.

Að mati Seðlabankans nema aflandskrónueignir um 84 ma. kr. Skiptingu þeirra eftir eignaflokkum má sjá í eftirfarandi töflu.

Flokkur aflandskrónueigna	**Markaðsverð (ma.kr.)**
Ríkisbréf, ríkisvíxlar og önnur bréf með ríkisábyrgð	39,5
Innlán og innstæðubréf Seðlabankans	36,7
Önnur verðbréf og hlutdeildarskírteini	7,9
Samtals	**84,0**

Hverjar eru breytingarnar?

Breytingarnar fela í sér auknar heimildir til úttekta af reikningum sem háðir eru sérstökum takmörkunum þannig að öllum aflandskrónueigendum er gefið færi á að losa aflandskrónueignir sínar. Auknar heimildir eru þrennskonar og fela í sér eftirfarandi:

Almenna heimild: Heimild fyrir alla aflandskrónueigendur til að losa aflandskrónueignir til að kaupa erlendan gjaldeyri og flytja á reikning erlendis. Heimildin nær aðeins til innstæðna og innstæðubréfa en eigendur annarskonar aflandskrónueigna, s.s. verðbréfa eða hlutabréfa, hafa möguleika á að selja þær eða eftir atvikum bíða þar til þær koma á gjalddaga, vilji þeir nýta heimildina.

Heimild vegna samfellds eignarhalds: Heimild fyrir aflandskrónueigendur, sem átt hafa aflandskrónueignir samfellt frá því fyrir 28. nóvember 2008, til að losa aflandskrónueignir undan takmörkunum laganna. Ekki er gerð krafa um að keyptur sé erlendur gjaldeyrir eins og í almennu heimildinni heldur verður heimilt að ráðstafa eignunum hér á landi. Heimildin er háð staðfestingu Seðlabanka Íslands á að skilyrði um samfellt eignarhald sé uppfyllt.

Heimild fyrir einstaklinga: Heimild fyrir einstaklinga til að taka út allt að 100 millj. kr. af reikningum háðum sérstökum takmörkunum. Heimildin nær til innstæðna og innstæðubréfa Seðlabanka Íslands. Ekki er gerð krafa um að keyptur sé erlendur gjaldeyrir eins og í almennu heimildinni heldur verður heimilt að ráðstafa eignunum hér á landi. Heimildin er háð staðfestingu Seðlabanka Íslands á að einstaklingur sé raunverulegur eigandi fjármunanna.

Af hverju er tímabært að veita auknar heimildir til úttektar?

Þegar lögin tóku gildi var fyrirséð að þær takmarkanir sem lögin kváðu á um yrðu tímabundnar ráðstafanir og að stjórnvöld myndu aftur beina sjónum að losun fjármagnshafta á aflandskrónueignum þegar betra jafnvægi kæmist á eignasöfn innlendra aðila.

Stjórnvöld hafa unnið markvisst að því að leysa þann vanda sem felst í aflandskrónueignum við losun fjármagnshafta. Útboð Seðlabanka Íslands í júní 2016 á erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir aflandskrónueignir í reiðufé, tímabundin heimild eigenda aflandskrónueigenda til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann síðar sama ár, viðskipti Seðlabankans við stærstu eigendur aflandskróna samkvæmt samkomulagi um kaup bankans á aflandskrónueignum þeirra á fyrri hluta árs 2017 og rýmri heimildir til úttekta af reikningum háðum sérstökum takmörkunum hafa stuðlað að útflæði aflandskróna án neikvæðra áhrifa á innlendan gjaldeyrismarkað. Með þeim aðgerðum hefur heildarumfang aflandskrónueigna minnkað verulega. Í samræmi við áætlun stjórnvalda um losun fjármagnshafta frá árinu 2015 voru stór skref stigin á árinu 2016 í átt að losun fjármagnshafta á heimili og fyrirtæki og á árinu 2017 voru fjármagnshöft losuð að mestu leyti. Við gildistöku laganna voru aflandskrónueignir áætlaðar um 319 ma.kr. eða um 15% af vergri landsframleiðslu (VLF) en eru eftir framangreindar aðgerðir metnar um 84 ma. kr. eða um 3,1% af VLF. Efnahagslegar forsendur standa því nú til þess að losa fjármagnshöft á aflandskrónueignum. En þó er þess gætt að losunin grafi ekki undan virkni fjárstreymistækisins (sérstakrar bindingarskyldu á fjármagnsinnstreymi).

Af hverju með þessum hætti?

Markmið breytinganna er að losa um fjármagnshöft á aflandskrónueignir án þess að það grafi undan virkni bindingarskyldunnar á fjármagnsinnstreymi. Almenna heimildin gerir kröfu um að keyptur sé erlendur gjaldeyrir og hann afhentur erlendis en þannig er aðskilnaði aflands- og álandsmarkaðar viðhaldið og tryggt að aflandskrónueigendur sem hafa í hyggju að fjárfesta á Íslandi sitji við sama borð og aðrir fjárfestar með hliðsjón af bindingarskyldunni.

Heimildin í tengslum við samfellt eignarhald er ekki bundin við að keyptur sé erlendur gjaldeyrir, heldur er heimilt að ráðstafa aflandskrónueignum hér á landi. Frá upphafi hafa einstaklingar sem uppfylla skilyrðið um samfellt eignarhald haft slíka heimild sem byggir á fordæmum um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál til að flytja aflandskrónur til landsins. Rökin fyrir undanþágunum og heimildinni voru einkum þau að eigendur þeirra höfðu ekki keypt þær með verulegum afslætti á aflandsmarkaði eftir að fjármagnshöftum var komið á. Í breytingunni felst að heimildin nær nú einnig til lögaðila og er án fjárhæðartakmarkana.

Heimildin fyrir einstaklinga er ekki heldur bundin við að keyptur sé erlendur gjaldeyrir, heldur er heimilt að ráðstafa aflandskrónueignum hér á landi. Ekki þykir nauðsynlegt að gera slíkt skilyrði þar sem einstaklingum er nú þegar heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100 milljónir króna án þess að uppfylla bindingarskyldu.

Munu breytingarnar hafa áhrif á gengi krónunnar?

Seðlabankinn er vel í stakk búinn til að bregðast við skammtímasveiflum á gjaldeyrismarkaði enda býr hann yfir stórum gjaldeyrisforða sem er að mestu leyti fjármagnaður með innlendu fé. Þar sem það útstreymi gjaldeyris sem átt getur sér stað vegna þessarar losunar tengist fortíðarvanda en ekki undirliggjandi efnahagsaðstæðum gæti verið meira tilefni til að draga úr áhrifum á gengi krónunnar heldur en ella. Í hvaða mæli breytingarnar munu hafa áhrif á gengi krónunnar ef ekki kemur til mótvægisaðgerða Seðlabankans ræðst af því hve stór hluti aflandskrónueigenda kýs að kaupa gjaldeyri og hvernig viðskiptin dreifast yfir tíma.

Þarf að fá staðfestingu Seðlabankans fyrir nýtingu heimildanna?

Heimildin tengd samfelldu eignarhaldi og heimildin fyrir einstaklinga eru háðar staðfestingu Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að umsóknir berist með tölvupósti. Með umsókn um staðfestingu vegna samfellds eignarhalds þurfa að berast gögn sem sýna fram á samfellt eignarhald,

n.t.t. stöðuyfirlit eldra en frá 28. nóvember 2008 og upplýsingar um eignir þegar óskað er eftir staðfestingu. Með umsókn um staðfestingu einstaklings þurfa að berast gögn sem sýna fram á eignarhald hans, þ.e. nýlegt stöðuyfirlit. Seðlabankinn mun setja reglur um nánari framkvæmd.